

Söfnunarstefna Byggðasafns Reykjanesbæjar 2004-2008

Inntak söfnunarstefnu Byggðasafnsins¹ er annars vegar verndun minja og hins vegar viðleitni til að ná fram heildstæðri mynd af tilteknum hluta menningarinnar.

Það er mikilvægt að átta sig á þeim sérstöku aðstæðum sem felast í safnastarfi, annars vegar eru þær tengdar tímanum og hins vegar að safngripir eru frumgögn.

Tímasvið Byggðasafns Reykjanesbæjar nær frá landnámi fram til framtíðar. Þannig þarf að sinna fortíð og nútíð en gæta einnig að hagsmunum framtíðarinnar. Nú er framtíðin ekki kunn og því verður að gæta þess að söfnun sé ekki of þröng en að sama skapi verður hún að hafa stefnu. Með þetta í huga hefur verið ákveðið að leggja áherslu á þrjá meginþætti varðandi söfnun 20. aldar minja:

1. Sjávarútveg og atvinnuhætti tengda honum
2. Alþjóðaflugvöllinn og búsetu varnarliðsins með áherslu á áhrif þeirra á búsetuþróun og bæjarbrag
3. Félagastarf, æskulýðsmál og dægurmenningu með áherslu á íþróttir, tónlist og tísku.

Frumgögn eru afar mikilvæg atriði í hverskyns rannsóknum, þau geta mótað skoðanir, víkkað sjóndeildarhring og markað ályktunum ramma. Af þessum ástæðum verður að fara afar varlega í allar breytingar á safngripnum, því slík inngríp geta minnkað menningarsögulegt vægi gripsins. Einnig verður að gæta að því að safnkosturinn geti brugðið upp heillegum myndum af sögulegum þáttum.

I. Afmörkun

Söfnunarstefna felur í sér afmörkun á fjórum sviðum; safnflokki, landssvæði, aldri og efnisflokki.

1. Safnflokkur:

Safnað er munum, myndum² og hljóðminjum. Það er hins vegar ekki tekið við skjölum, bókum, náttúrugripum eða listgripum.

2. Landssvæði

Söfnunarsvæðið er það landssvæði sem fellur innan bæjarmarka Reykjanesbæjar³ með tveim undantekningum; minjum sem tengjast starfsemi Keflavíkurflugvallar⁴ og poppminjum sem safnað er á landsvísu.

3. Aldur

Safnið tekur við öllum munum og myndum sem eru eldri en frá árinu 1920⁵, þeir hlutir sem eru yngri er tekið við skv. efnisflokkum.

4. Efnisflokkar:

Helstu efnisflokkar sögulegra minjasafna eru:

¹ Hér er átt við allt safnið, bæði almennan hlut þess og sérsöfn, ath. að sérsöfnin geta þó haft sérákvæði sem má finna í samþykktum um þau.

² Myndir geta verið ljósmyndir, myndir, hreyfimyndir, prentmyndir, myndir á stafrænu formi

³ Bæjarfélagið Reykjanesbær varð til árið 1994 með sameiningu þriggja sveitarfélaga, þegar vísað er til sögu bæjarfélagsins þá er ætíð átt við sögu landssvæðisins, í flestum tilfellum frá landnámi til vorra daga.

⁴ Þ.e. herstöð og almennur flugvöllur

⁵ Þó aðeins þeir gripir sem falla innan bæjarmarka

- a. minjar tengdar nafngreindum persónum
- b. minjar tengdar heimilishaldi, einstaklingum og fjölskyldum
- c. minjar tengdar kirkjum, helgihaldi og trúariðkun almennt
- d. minjar tengdar listum og handverki
- e. minjar tengdar félagastarfi, afþreyingu, íþróttum og hátíðum
- f. minjar tengdar, atvinnulífi
- g. minjar tengdar stjórnsýslu og skipulagsmálum
- h. minjar tengdar löggæslu, öryggismálum, brunavörnum
- i. minjar tengdar heilbrigðismálum
- j. minjar tengdar skólum, vísindum og fræðum
- k. minjar tengdar samgöngum, ferðaþjónustu

Safnað er úr neðangreindum efnisflokkum:

- a. **Nafngreindar persónur**
- b. **Heimilishald fólks í Reykjanesbæ**
Áhersla er lögð á tímabilið frá 1940 til 1980, safnað er klæðnaði fólks, húsbúnaði hverskonar sérstaklega heimilistækjum og leikföngum barna
- c. **Kirkjur og helgihald**
Tekið er við trúarlegum minjum ef sérstaklega er farið þess á leit við safnið af trúfélögunum, ekki er lögð áhersla á þennan þátt.⁶
- d. **Listir og handverk**
*Safnað er handverki einstaklinga í bæjarfélaginu, s.s. hannyrðum og smíðisgripum úr málmum og tré.
*Safnað er minjum er tengjast tónlistariðkun, s.s. hjóðfærum, hjómsveitarbúningum, hljóðupptökum, myndum og hreyfimyndum, poppminjum er safnað á landsvísu (Poppminjasafn Íslands).
- e. **Félagastarf, afþreying, íþróttir og hátíðir**
*Safnað er minjum er tengjast æskulýðsstarfi, s.s. félagastarfi ungmennafélaga, stúkunnar, skátahreyfingarinnar, nemendafélaga, sérstaklega myndum.
*Safnað er minjum sem tengist íþróttum innan bæjarfélagsins (Íþróttasafn Reykjanesbæjar), s.s. myndum, hreyfimyndum, búningum, verðlaunagripum og íþróttáhöldum
*Safnað er því sem tengist almennum hátíðum í bæjarfélaginu, einnig hátíðum einstaklinga, s.s. afmæli, skírn, giftingu, fermingu, útskrift úr skólum og jarðarförum, s.s. myndum, hreyfimyndum, jólaskrauti, jólaljósum, skírnarfötum, giftingarkjólum o.s.frv.
- f. **Atvinnulíf**
*Safnað er minjum sem tengjast verslunarrekstri, starfsemi hárgreiðslu- og rakarastofa, skóvinnustofa, leigubíla- og rútubjónustu, s.s. húsbúnaði, vélum, tækjum og tólum, myndum og hreyfimyndum.
*Safnað er sjávarútvegsminjum sem tengjast sjósókn og fiskvinnslu á svæðinu, sérstök áhersla er lögð á vélar sem smíðaðar hafa verið hér eða þróaðar og einnig vélsmíðjur, þá er lögð áhersla á skipasmíði. Í þessum flokki er t.d. safnað; veiðarfærum, tækjum og tólum á skipum og í fiskvinnslu, vinnufötum sjómanna og fiskvinnslufólks, vélum, tækjum og tólum notuðum í vélsmíðjum og við skipasmíði.
*Ekki er safnað minjum úr landbúnaði sem eru yngri en frá árinu 1920
- g. **Stjórnsýsla**

⁶ Þó er tekið við eldri minjum, þ.e. eldri en 1920

*Safnað er minjum sem tengjast stjórnslu bæjarfélagsins, áhersla er lögð á að safna gögnum er varða þróun byggðar í bæjarfélaginu, áhersla er lögð á söfnun mynda og hreyfimynda.

h. Löggæsla, öryggismál og brunavarnir

*Safnað er minjum vegna landamæravörslu, s.s. búningum, tólum og tækjum og myndum.

*Safnað er herminjum og vopnum ýmiskonar.

*Safnað er minjum er tengjast starfi Brunavarna Suðurnesja, s.s. búningum, tækjum og tólum, myndum og hreyfimyndum.

i. Heilbrigðismál,

*Safnað er heilbrigðisminjum sem tengjast sérstaklega heilbrigðis- og læknaþjónustu á svæðinu, ekki er lögð áhersla á söfnun faglegra heilbrigðisminja. Það sem einkum er sóst eftir í þessum flokki eru: myndir, búningar starfsfólks, lækna- og ljósmóðurtöskur, húsbúnaður.

j. Skólar, fræði og vísindi

*Safnað er minjum sem tengjast skólum bæjarfélagsins, leik- grunn- og framhaldsskóla, s.s. skóladóti, kennslutækjum, skólatöskum, myndum og hreyfimyndum.

k. Samgöngur og ferðaþjónusta

*Safnað er minjum er tengjast Reykjanesbrautinni, einkum myndum

*Safnað er minjum er tengjast flugþjónustu og flugi, með sérstakri áherslu á millilandaflug, s.s. búningum starfsfólks, húsbúnaði, tólum og tækjum og myndum.

Úr neðangreindum efnisflokkum er safnað úr tilgreindum safnflokkum:

Efnisflokkur	Munir	Myndir	Hljóðminjar
a – persónur	x	x	x
b – heimili	x	x	
c – trúarhald	x	x	x
d – listir	x	x	x
e – félagastarf	x	x	x
f – atvinnulíf	x	x	
g - stjórnslu	x	x	
h – löggæsla	x	x	
i – heilbrigðismál	x	x	
j – skólar	x	x	x
k - samgöngur	x	x	

II almenn ákvæði

1 gr.

Það er ekki heimilt að taka við minjum sem kvaðir fylgja, samanber stofnskrá safnsins.

2 gr.

Forstöðumaður getur neitað að taka við minjum, þótt þær falli að söfnunarstefnu safnsins, ef hann metur:

- að jafngóðar eða betri samskonar minjar séu fyrir hendi
- að ekki séu faglegar eða fjárhagslegar forsendur til að taka við minjunum

3 gr

Forstöðumaður gerir tillögu um afskráningu og/eða förgun skráðra safngripa til stjórnarnefndar safnsins, að höfðu samráði við þjóðminjavörð.

III gildistími

5 gr

Stefnumörkunin þessi er samþykkt af stjórnarnefndar safnsins, þann 10. október 2004, hana ber að endurskoða eigi síðar en haustið 2008.

